

Bókun Akureyrarstofu 16.4.2020

Stjórn Akureyrarstofu - 297 (16.4.2020) - Endurskoðun menntastefnu 2018

Inngangur

Að beiðni fræðsluráðs er óskað eftir umsögn stjórnar Akureyrarstofu um nýja menntastefnu.

Bókun

Stjórn Akureyrarstofu felur sviðsstjóra að koma á framfæri þeim athugasemdum sem komu fram á fundinum.

Stjórnin telur mikilvægt að unnin verði aðgerðaáætlun og gerð verði kostnaðargreining.

From: Kristinn Jakob Reimarsson <kristinnj@akureyri.is>

Sent: þriðjudagur, 28. apríl 2020 09:03

To: Karl Frímansson <karl@akureyri.is>

Subject: RE: Menntastefna Akureyrarbæjar

Sæll!

Þú ert væntanlega kominn með fullt af athugasemdum.

Á fundi stjórnar Akureyrarstofu var eftirfarandi bókað:

Stjórn Akureyrarstofu felur sviðsstjóra að koma á framfæri þeim athugasemdum sem komu fram á fundinum.

Stjórnin telur mikilvægt að unnin verði aðgerðaáætlun og gerð verði kostnaðargreining.

Athugasemdirnar sem komu fram á fundinum snéru eingöngu að því að ekki væri minnst orði á sérkennslu eða sérkennsluurræði. Lýsti fólk mismunandi reynslu sinni af samskiptum sínum við skóla vegna þessa.

Bent var á að það stæði einstaklingsmiðað nám, koma til móts við þarfir hvers og eins.

Spurningar frá mér;

- Talað er um í inngangi að „öll börn skuli eiga kost á gæðastarfi og vönduðum starfsháttum.....“ Verður sett sem aðgerð að innleiða gæðaviðmið í frístund?
- Framúrskarandi starfshættir. Talað er um að þeir byggi á sameiginlegri sýn og gildum auk gæðaviðmiða um áreiðanlega starfshætti sem **hver skóli** setur sér. Verða 7 – 10 mismunandi gæðaviðmið í grunnskólum Akureyrarbæjar?
- Undir kaflanum stjórnun og fagleg forysta er talað um skólasamfélag og að stjórnun einkennist af samvinnu, þátttöku, trausti og virðingu við alla aðila skólasamfélagsins. Til hvaða aðgerða verður gripið til að framfylgja þessu?